

4.fundur í hreppsnefnd Árneshrepps haldinn miðvikudaginn 14.apríl 2021 kl. 14:00, á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru Guðlaugur A. Ágústsson Steinstúni, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Björn G.Torfason Melum 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík. Úlfar Eyjólfsson boðaði veikindi og ekki tókst að kalla út varamann. Halldóra Pálsdóttir hjá Kpmg ehf tók þátt í fundinum í gegnum síma.

Dagskrá fundarins;

1. Ársreikningar ársins 2020, fyrri umræða. Ársreikningur 2020 og Sundurliðun ársreiknings 2020 sent hreppsnefndarmönnum í tölvupósti. Verða einnig á pappír á fundinum þegar umræðan fer fram. Drög að endurskoðunarskýrslu einnig send hreppsnefndarmönnum í tölvupósti. Halldóra Pálsdóttir tekur þátt í fundinum í gegnum síma.
2. Lögð verða fram á fundinum eftirfarandi skjöl til umfjöllunar á næsta fundi hreppsnefndar sem fram fer miðvikudaginn 21.apríl 2021;
  - a) Lögfræðibréf frá Árneshreppi til Jóns Jónssonar lögmanns sveitarfélagsins.
  - b) Bréf frá Jóni Jónssyni lögmanni sveitarfélagsins vegna endurskoðunar ársreikninga Árneshrepps.
  - c) Samningur milli Árneshrepps og Kpmg ehf varðandi endurskoðun ársreikninga.

1.Ársreikningar ársins 2020, fyrri umræða. Halldóra hjá Kpmg fór yfir skýrslu og áritun oddvita og sveitarstjórnar, rekstrarreikning ársins 2020, efnahagsreikning, stöðuna í lok árs og sjóðstreymisyfirlit ársins 2020. Ekki komu fram neinar athugasemdir, ákveðið var að fara yfir „Drög að endurskoðunarskýrslu“ við seinni umræðu. Þar með lauk fyrri umræðu um ársreikninga Árneshrepps og þeim vísað til seinni umræðu.

2.Lögð fram eftirfarandi skjöl til umfjöllunar á næsta fundi hreppsnefndar 21.apríl 2021.

- a) Lögfræðibréf frá Árneshreppi til Jóns Jónssonar lögmanns sveitarfélagsins.
- b) Bréf frá Jóni Jónssyni lögmanni sveitarfélagsins vegna endurskoðunar ársreikninga Árneshrepps.
- c) Samningur milli Árneshrepps og Kpmg ehf varðandi endurskoðun ársreikninga.
- d) Ennfremur afhenti oddviti innkomna fundargerð Skipulagsnefndar og skjöl henni fylgjandi, sem einnig verður tekin fyrir á næsta fundi hreppsnefndar.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:15.

